38 20. febr. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um endurgjald á sveitarstyrk.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 6. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Suðurfjarðahreppi, dags. 22. nóv. f. á., ásamt fleiri skjölum, og áfrýjar hreppsnefndin til mín í erindi þessu úrskurði yðar 20. ágúst f. á., er staðfestir úrskurð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu 7. sept. 1886, en með honum er ofannefndum hreppi gjört að skyldu að endurgjalda Barðastrandarhreppi sveitarstyrk að upphæð 36 kr., er Vigdísi nokkurri Jónsdóttur var lagður af síðarnefndum hreppi veturinn 1885 - 86.

Með því að jeg er samdóma yður um að ofannefndur úrskurður sýslumannsins í Barðastrandarsýslu sje á rökum byggður, staðfestist hann hjer með í öllum greinum[1], og bið jeg yður hlutast til um, að Suðurfjarðahreppur dragi eigi lengur að endurgjalda Barðastrandarhreppi hinar umþráttuðu 36 kr.

39 20. febr. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um endurgjald á sveitarstyrk.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 7. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu, dags. 20. okt. f. á. ásamt brjefi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 14. nóv. f. á., og fleiri skjölum, og áfrýjar tjeð hreppsnefnd í greindu erindi til mín úrskurði yðar, dags. 22. ágúst 1887, er skyldar Nauteyrarhrepp til að greiða Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu styrk lagðan Friðriki nokkrum Ólafssyni, sveitlægum í Nauteyrarhreppi, að upphæð 216 kr.

Sveitarstyrkur sá, er þjer þannig hafið úrskurðað Hólshreppi endurgjald á, tjáist mestmegnis hafa gengið til að útvega Friðriki lögskipaða uppfræðslu, og þó að til-

---

1) Úrskurður sýslumannsins, dags. 7. sept. 1886, var svo hljóðandi:

„Eptir að hreppsnefnd Barðastrandarhrepps hafði 5. desember síðastl. veitt Vigdísi Jónsdóttur og 2 óskilgetnum börnum hennar bráðabirgðastyrk úr sveitarsjóði, að upphæð 36 kr., og síðan 2. janúar þ. á. hafði tilkynnt hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, þar sem nefnd Vigdís er sveitlæg, þetta, og skorað á hana að veita nefndri Vigdísi og börnum hennar móttöku. og að endurgjalda styrk þann, er hjer ræðir um, hefur hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps neitað að endurgjalda nefndan bráðabirgðastyrk og hafa síðan báðir málspartar skotið til úrskurðar míns, hvort hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps beri að endurgjalda fyrnefndan bráðabirgðastyrk.

Af skjölum máls þessa sjest, að hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefur neitað að endurgjalda hjernefndan fátækrastyrk vegna þess, að henni gafst eigi kostur á að játa hreppshelgi Vigdísar fyren ofannefnt brjef Barðstrendinga, dags. 2. janúar þ. á. barst nefndinni 19. febrúar næst á eptir, þó það væri innan handar að tilkynna henni það strax sem Vigdís þessi varð styrksþurfi. Á hinn bóginn hefur hreppsnefnd Barðastrandarhrepps upplýst, að Vigdís var þunguð og ól barn 25. desbr. síðastl., og var því ekki flutningsfær til sveitar sinnar.

Með því að bráðabirgðastyrkur sá, er hjer ræðir um, hefur verið veittur 5. desember síðastl., en þá var hjernefnd Vigdís nálega komin að barnsburði og því ekki flutningsfær. og með því að hreppsnefnd Barðastrandarhrepps skömmu eptir að barnið var alið, nefnilega 2. janúar þ. á. hefur gefið Suðfirðingum þetta til kynna, virðist hreppsnefnd Barðastrandarhrepps ekki að hafa vanrækt skyldu sína í því tilliti. þar sem hún sjálfsagt ekki gat gjört þetta áður en styrkurinn var veittur, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps beri að endurgjalda hreppsnefnd Barðastrandarhrepps bráðabirgðastyrk þann, 36 kr.. sem veittur hefur verið Vigdísi Jónsdóttur og börnum hennar úr sveitarsjóði Barðastrandarhrepps í síðastliðnum desembermánuði.

Er því hjermeð skorað á hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps að endurgjalda sem allrafyrst hreppsnefnd Barðastrandarhrepps optumræddan fátækrastyrk 36 kr.